

Októberfundur Mý-deildar

Haldinn í húsnæði Tónlistarskóla Eyjafjarðar að Hrafnagili, miðvikudaginn 9. Október
Sextán konur mættar.

Nefndina skipuðu þær: Ásdís, Bryndís og Sigrún Helga

Dagskrá:

Pastasalat með brauði borið á borð.

Ásdís Arnardóttir flytur erindi um Suzuki aðferðina í tónlistarkennslu og leikur á selló.

Sigrún Helga Snæbjörnsdóttir mun flytja orð til umhugsunar - kaffi og kaka

Fundur settur kl. 19:00

Petrea bauð konur velkomnar og kveikti á kertum.

Hún skilaði kveðju frá konum sem ekki komust, sérstaklega frá Katrínu Fjólu formanni sem stödd er erlendis.

Petrea sagði frá því að búið væri að raða nýju konunum í undirbúningshópa, Jónína og Erna Rós 3. febrúar og Sigrún Birna með vorfundarhópnum.

Petrea fól nefndarkonum dagskrá kvöldsins

Nefndarkonur tóku við dagskránni og buðu konum strax uppá efri hæð Tónlistarskóla Eyjafjarðar, þar sem boðið var uppá pasta-salat sem Bryndís bjó til og heimabakað brauð sem Sigrún Helga bakaði. Borðið var fallega skreytt haustlaufum og reyniberjum og falleg kertalýsing. Kunnu fundarkonur vel að meta salatið og brauðið og var spjallað á léttum nótum yfir matnum.

Að því loknu var farið aftur niður og boðið uppá hráköku sem Ásdís bakaði, kaffi og te.

Ásdís hélt síðan fyrirlesturinn sinn um Suzuki aðferðina í tónlistarkennslu

Ásdís sagði að Suzuki aðferðin væri einnig kölluð Móðurmálsaðferðin

Sagði frá Shinichi Suzuki sem fæddist árið 1898 og lést rétt fyrir 100 ára afmælisdaginn sinn árið 1998.

Hún sagði frá því að hann hefði ferðast til Þýskalands og lært á fiðlu í 8 ár í Berlín. Þar drakk hann í sig vestræna tónlistarmenningu sem hann hafði heillast af í gegnum fiðluleik Mischa Elmans

Hann sneri aftur til Japans og þar er það vinur hans sem kemur með 4 ára son sinn og biður hann um að kenna honum á fiðlu. Suzuki hafði aldrei dottið í hug að kenna svo ungu barni en hugleiddi þetta. Hann fer að hugsa hvernig kenna megði börnum án nótna og fær einhverskonar hugljómun að yfirfæra móðurmálskennslu yfir í tónlist. Því ekki að kenna börnunum að spila eins og að kenna þeim að tala, kenna þeim að spila eftir eyranu.

Hann þróar kerfið sitt í Japan. Þetta var í lok Seinni heimsstyrjaldarinnar og hann fékk þá hugmynd að gefa þjóðfélaginu eitthvað fallegt og fór að kenna börnum eftir þessari aðferð og var með stóra hópa í samspili.

Þetta spyrst út og kerfið dreifist til Bandaríkjanna og síðan Evrópu

Byrjað var að kenna á fiðlu, síðan selló, víólu, kontrabassa, píanó, þverflautu, gítar og hörpu.

Suzuki var tilnefndur til friðarverðlauna Nóbels árið 1993

Ásdís sagði frá námsefni Suzuki - tónlistarkennslunnar, tækni kennd í lögum, grunntækni fyrir alla vestræna tónlist leynist í þessum lögum, byrjar á stuttum strokum eins og í Gulur rauður, ekki langir leiðinlegir tónar.

Ásdís sagði frá Suzuki-kennara náminu

Auk íslenskra Suzuki kennara koma einnig erlendir þjálfarar til Íslands og þjálfar og dæma kennaraefnin.

Ásdís sagði frá því að hún er einmitt núna að fara að taka svokallað 4. stig í Suzuki-selló- kennaranáminu. Fjórða stig miðast við það að hún geti kennt og kunni öll lög utanbókar sem eru í 6. og 7. Suzukisellóhefti. Hún segist að sjálfsögðu stundum vitna í eldri lög til þess að kenna tækni í nýjum lögum, hún ætlar að reyna að tengja þetta þannig í prófinu þar sem hún mun kenna nemanda sem er í kominn í bók 6 og 7.

Ásdís er með kennslubækurnar meðferðis, dreifir bókunum og býður fundarkonum að velja lög af handahófi, sem hún muni spila fyrir þær.

Ásdís kynnir Lidiu Kolosowsky píanista til liðs við sig og saman leika þær eftir óskum fundarkvenna.

Spurningar bárust jafnóðum úr sal á milli laga og konur mjög áhugasamar

Spurt var um hlutverk foreldra og svöruðu bæði Lidia og Ásdís að hlutverk þeirra væri mjög stórt, foreldrar mæta í alla spílatímana og skrá niður hvað á að æfa heima og hjálpa börnunum. Haldin eru foreldranámskeið, og foreldrum kennd fyrstu skrefin á hljóðfærið

Spurt hvenær börnin geti hafið Suzuki hljóðfæranám: Misjafnt á hvaða aldri er gott að byrja, fimm ára á selló, alveg niður í þriggja ára á fiðlu og stundum þriggja ára á píanó, en mjög einstaklingsbundið.

Lidia sagði frá því hvernig hún hreifst af Suzuki kennslufræðinni fyrir píanóið, en hún er Suzuki píanókennari við Tónlistarskólann á Akureyri

Ásdís sagði frá því að það var Michael Clarke sem kynnti fyrstur manna Suzuki aðferðina á Íslandi og það var hér á Akureyri!

Ásdís og Lidia léku loklag og var þeim þakkað fyrir með lófataki og rósum.

Sigrún Helga fór með Orð til umhugsunar, sem hún sagði að fjölluðu um Velliðan.

Hún nefndi mikilvæga þætti eins og félagsleg tengsl, þátttöku í nærandi verkefnum, við ættum að einblína á styrkleikana okkar, eitthvað sem við höfum gaman of og eitthvað sem gefur okkur orku og kraft.

Þurfum að æfa okkur í því nýta hæfileikana okkur, virkja styrkleikana okkar.

Okkar val að taka stjórnina á okkar líðan.

Hverjir næra okkur, hverjir draga úr okkur orku? Setja mörk á samskipti sem koma okkur úr jafnvægi.

Að orðunum loknum var ekki meira á dagskrá og Petrea sleit fundinum, þakkaði fyrir samveruna og slökkti á kertum.

Petrea Óskarsdóttir ritaði fundargerð